



BREIÐAFJARÐARNEFND

Stykkishólmsbær

Stykkishólmi 17. janúar 2023

Skipulagsfulltrúi sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar

Hafnargötu 3

340 Stykkishólmur

Efni: Umsögn vegna skipulagslýsingar hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi.

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagslýsingu fyrir hafnarsvæðið við Skipavík í Stykkishólmi.

Skipulagslýsingin tekur fyrir svæði sem afmarkast af Pembu að norðanverðu, Leyni að austanverðu, Nesvegi að sunnanverðu og Búðarnesi að vestanverðu. Deiliskipulagssvæðið er að langstærstum hluta skilgreint sem hafnarsvæði í aðalskipulagi, en meðfram Nesvegi er skilgreint opið svæði og íbúðarsvæði. Svæðið liggur við strönd Breiðafjarðar og er við verndarsvæði Breiðafjarðar, sbr. lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Samkvæmt skipulagslýsingu verður leitast að samræma tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms við markmið Verndaráætlunar Breiðafjarðar, sem Breiðafjarðarnefnd telur einmitt mikilvægt vegna staðsetningar skipulagssvæðisins.

Breiðafjarðarnefnd langar að benda á nokkra þætti sem nefndin telur mikilvægt að taka tillit til í nánari útfærslu skipulagslýsingar.

- Skipulagslýsingin fyrir svæðið við Skipavík nær að hluta inn á verndarsvæði Breiðafjarðar. Fjórur Breiðafjarðar eru verndaðar samkvæmt lögum 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Staðbundnar breytingar innan skipulagssvæðis geta haft áhrif á aðliggjandi vistkerfi. Ákvæði laganna taka líka til svæðis utan skilgreinds svæðis skipulagslýsingar. Skipulagshugmyndir við verndarsvæði Breiðafjarðar ættu þess vegna að taka tillit til verndarsvæðis í stærra samhengi og skoða mögulegar afleiðingar fyrir það.
- Á skipulagslýsingarsvæðinu er m.a. að finna sjávarfitjar. Sjávarfitjar eru mikilvæg vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sjávarfitjar eru skráðar í 61. grein án stærðarviðmiða¹ en gróft áætlað eru sjávarfitjar á skipulagssvæðinu (við Nesveg 22a og 24) u.þ.b. 530 m² að flatarmáli, sbr. mynd 1.

¹ Lög 60/1013 um náttúruvernd. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>, 61. grein.



BREIÐAFJARÐARNEFND



Mynd 1: Sjávarfitjar við skipulagssvæðið. Flatarmál þeirra er um 530 fermetrar (map.is).

- Hafnarsvæðið við Skipavík fellur undir innri höfn Stykkishólmsbæjar samkvæmt 1. grein hafnarreglugerðar 633/2005 fyrir Stykkishólmshöfn. Nesvogur er hins vegar hluti af ytri höfn Stykkishólmsbæjar².



Mynd 2: Skilgreining hafnarsvæðis í Stykkishólmi. Innri og ytri höfn er að finna við skipulagssvæði.

² Hafnarreglugerð 633/2005 fyrir Stykkishólmshöfn. <https://island.is/reglugerdir/nr/0633-2005>



BREIÐAFJARÐARNEFND

- Skipulagslýsing setur fram eftirfarandi yfirlit yfir umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti³.

Tafla 4-2 Yfirlit yfir umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti.

Umhverfisþættir	Undirþáttur	Matsspurning	Viðmið
Auðlindir	Verndarsvæði	Hefur skipulagsvinnan áhrif á verndarsvæði?	Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
	Landslag/ásýnd	Hefur skipulagsvinnan áhrif á: Náttúrulegt landslag? Ásýnd svæðisins?	Markmið Verndaráætlunar Breiðafjarðar
Náttúrufar	Sjór og strandlengja	Hefur skipulagsvinnan áhrif á: Strandlengjuna?	Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
Samfélag og byggð	Hljóðvist Loftgæði	Hefur skipulagsvinnan áhrif á: Hljóðvist vegna starfsemi á svæðinu og/eða umferð tengt þeirri starfsemi? Loftgæði?	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði
Menningaminjar	Fornleifar	Hefur skipulagsvinnan áhrif á fornminjar á svæðinu?	Lög um menningarmínjar nr. 80/2012

Mynd 3: Yfirlit yfir umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti samkvæmt skipulagslýsingu

Lög um vernd Breiðafjarðar hafa viðtækt gildi fyrir verndun Breiðafjarðar, einkum náttúrufar og menningarmínjar. 1. grein laga 54/1995 um vernd Breiðafjarðar skilgreinir að „tilgangur laga [...] er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarmínja”⁴. Lögin eiga við um alla þætti þessarar myndar en ekki eingöngu auðlindir.

Að loknum langar Breiðafjarðarnefnd að benda á að nefndin sé ekki á lista um helstu umsagnaraðila skipulagsgagna sem kemur fram á blaðsíðu 8 í skipulagslýsingu⁵ og óskar eftir að verða sett á hann.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

³ Stykkishólmur og Helgafellssveit. (2022). Breyting á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og nýtt deiliskipulag - Hafnarsvæði við Skipavík. https://www.stykkisholmur.is/static/files/skrar/sth_skipavik-skipulagslysing-09.12.2022.pdf, bls. 7.

⁴ Lög 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>, 1. grein.

⁵ Stykkishólmur og Helgafellssveit. (2022). Breyting á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og nýtt deiliskipulag - Hafnarsvæði við Skipavík. https://www.stykkisholmur.is/static/files/skrar/sth_skipavik-skipulagslysing-09.12.2022.pdf, bls. 8.